

Siðareglur kjörinna fulltrúa í Akureyrarkaupstað

Tilgangur

1. Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Akureyrarkaupstaðar. Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum hjá Akureyrarkaupstað.

Staða og ábyrgð

2. Kjörnir fulltrúar láta ákvarðanir sínar einungis ráðast af lögum, reglum bæjarbæjarstjórnar og sannfæringu sinni í störfum sínum fyrir Akureyrarkaupstað. Þeir gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.
3. Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af drengskap og háttvísi og sýna hver öðrum, íbúum, viðskiptavinum og starfsmönnum sveitarfélagsins fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að framkoma þeirra og athafnir samrýmist starfi þeirra og þeir forðist að aðhafast nokkuð sem gæti orðið þeim til vanvirðu og álitshnekkis.
4. Kjörnir fulltrúar hafa ávallt að leiðarljósi grundvallarreglur góðar stjórnarsýslu, m.a. um gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku og að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Akureyrarkaupstaðar. Kjörnir fulltrúar upplýsa eins og kostur er íbúa Akureyrarkaupstaðar um störf sín og annað sem skiptir máli í rekstri sveitarfélagsins. Þeir eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á verkum sínum.
5. Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé sveitarfélagsins.
6. Kjörnir fulltrúar gæta þagmælsku og trúnaðar varðandi málefni íbúa og viðskiptavina sem þeir verða áskynja í starfi og trúnaður gildir um svo lengi sem sá trúnaður samrýmist lögum. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Hagsmunaárekstrar

7. Kjörnum fulltrúum ber að setja almannahagsmunum ofar sérhagsmunum. Þeir taka ekki þátt í undirbúningi og afgreiðslu mála sem varða sérhagsmuni þeirra sjálfra, venslamanna, skjólstæðinga eða annarra sem tengjast þeim svo sérstaklega að ætla megi að afstaða þeirra mótist að einhverju leyti af þeim tengslum. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til eigin hagsbóta.
8. Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða annan viðurgjörning frá íbúum og viðskiptavinum Akureyrarkaupstaðar eða þeim er leita eftir verkefnum eða þjónustu bæjarins, þannig að túlka megi sem persónulega þóknun fyrir ákvarðanir á vegum bæjarstjórnar eða nefnda.
9. Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Akureyrarkaupstaðar.

Samþykkt í bæjarstjórn 4. desember 2012
Samþykkt í bæjarstjórn 18. desember 2012

